



**Ósland,**

**Sveitarfélaginu Hornafirði**

**Stjórnunar- og verndaráætlun 2021-2030**

**Ágúst 2021**

Heiti skýrslu: Stjórnunar- og verndaráætlun Ósland

Útgáfunúmer: UST-2021:02

Mánuður, ár: Ágúst, 2021

Ábyrgðamaður: Þórdís Björt Sigþórsdóttir

Útgefandi: Umhverfisstofnun

Forsíðumynd: Magnús Freyr Sigurkarlsson

Aðrar myndir: Magnús Freyr Sigurkarlsson

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími: 591 2000

Netfang: [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Veffang: [www.ust.is](http://www.ust.is)

# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR .....</b>	<b>6</b>
1.1. Samráð .....	7
1.2. Eignarhald og umsjón .....	7
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi .....	7
1.4. Verndargildi og verndarflokkur .....	8
<b>2. LÝSING Á SVÆÐINU .....</b>	<b>9</b>
2.1. Mörk svæðisins.....	9
2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði og aðkomuleiðir.....	9
2.2. Náttúruminjar .....	9
2.2.1. Jarðminjar .....	9
2.2.2. Lífríki.....	10
2.3. Menningarminjar .....	10
2.4. Landnotkun .....	10
2.4.1. Veiðar .....	10
2.4.2. Ferðaþjónusta og útivist.....	11
2.5. Helstu ógnir.....	11
2.5.1. Landvarsla .....	11
2.5.2. Byggingar.....	11
2.5.3. Aðgengi .....	12
2.5.4. Vegir og bílastæði.....	12
2.5.5. Stígar og gönguleiðir .....	12
2.5.6. Skilti.....	12
2.5.7. Úrgangur .....	12
2.6. Fræðsla og kynning .....	13
2.7. Rannsóknir og vöktun .....	13
<b>3. MARKMIÐ OG STEFNA.....</b>	<b>14</b>
3.1. Ástandsmat.....	14
3.2. Stjórnsýsla .....	15
3.3. Náttúruminjar: Dýralíf, gróður og jarðminjar .....	15
3.4. Landnotkun .....	15
3.4.1. Veiðar .....	15
3.4.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun .....	15
3.4.3. Ferðaþjónusta og útivist.....	15
3.5. Helstu ógnir.....	15
3.6. Innviðir og mannvirki .....	16
3.6.1. Landvarsla .....	16
3.6.2. Byggingar.....	16
3.6.3. Aðgengi .....	16
3.6.4. Vegir og bílastæði.....	16

3.6.5.	Göngu-, og hjólaleiðir.....	16
3.6.6.	Skilti.....	16
3.6.7.	Úrgangur .....	17
3.7.	Fræðsla og kynning .....	17
3.8.	Mönnuð og ómönnuð loftför.....	17
3.9.	Rannsóknir og vöktun .....	17
<b>4.</b>	<b>SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL .....</b>	<b>18</b>
	<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>19</b>
	<b>VIÐAUKI I .....</b>	<b>20</b>
	<b>VIÐAUKI II .....</b>	<b>22</b>
	<b>VIÐAUKI III.....</b>	<b>23</b>



# Leiðarljós

---

Leiðarljós áætlunar þessarar er að tryggja svæði til útivistar í sveitarfélaginu Hornafirði ásamt því að tryggja verndun sérstakra jarðmyndana og fjölbreytts fuglalífs.

---



# 1. Inngangur

Fólkvangurinn Ósland var friðlýstur árið 1982 en friðlýsingin var endurskoðuð árið 2011 með auglýsingu [nr. 264/2011](#). Ósland er eyja með landbrú við Höfn í Hornafirði. Þar finnast leirur með miklu fuglalífi. Í Óslandi má sjá basaltafsteypur af trjám sem þar hafa lent í hrauni. Stærð fólkvangsins er 16,9 ha.

Markmiðið með friðlýsingunni er að tryggja svæði til útivistar og útikennslu í náttúrufræðum í sveitarfélaginu Hornafirði. Einnig er markmiðið að tryggja verndun sérstakra jarðmyndana og fjölbreytts fuglalífs.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Óslands hófst í maí 2020. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem skipaður var vegna gerðar hennar og er hún sett í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd [nr. 60/2013](#). Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal sem lýsir framtíðarsýn og þeim grundvallarsjónarmiðum sem höfð eru til hliðsjónar um hvernig viðhalda og auka eigi verndargildi svæðisins. Áætlunin er unnin í samstarfi við sveitarfélagið Hornafjörð.

Samstarfshópin skipuðu:

- Hildur Hafbergsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Aron Geir Eggertsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Magnús Freyr Sigurkarlsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Anna Ragnarsdóttir Pedersen, fulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Stjórnunar- og verndaráætlunin gildir til ársins 2030 og er skipt í fjóra kafla. Fyrstu tveir innihalda bakgrunnsupplýsingar um Ósland, í þriðja kafla er að finna stefnumótun og markmið fyrir svæðið og í fjórða kafla eru settar fram þær sérreglur sem gilda um fólkvanginn samkvæmt áætlun þessari. Meðfylgjandi stjórnunar- og verndaráætluninni er [aðgerðaáætlun](#) Hornafjarðar í tengslum við uppbyggingu og rekstur svæðisins en sveitarfélagið annast umsjón og rekstur fólkvangsins.

## 1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var sent bréf til fagstofnana og hagsmunaaðila þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn væri að hefjast. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna.

Listi yfir samráðsaðila er að finna í [viðauka III](#).

## 1.2. Eignarhald og umsjón

Ósland er hluti af Höfn í Hornafirði og er Sveitarfélagið Hornafjörður landeigandi. Samkvæmt 83. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 annast sveitarfélög umsjón og rekstur fólkvanga og bera allan kostnað af rekstri og umsjón að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði. Umsjón og rekstur fólkvangsins Óslands er því í höndum Sveitarfélags Hornafjarðar. Málefnum sem upp koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvæðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

## 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Ósland var friðlýst sem fólkvangur árið 1982, friðlýsingin var endurskoðuð árið 2011 með auglýsingu nr. 264/2011. Auglýsinguna má finna í [viðauka I](#).

Sveitarfélagið Hornafjörður er með skipulagsvald á svæðinu. Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Umhverfisstofnunar, sbr. 7. gr. friðlýsingarskilmála. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Í gildi er [aðalskipulag](#) Hornafjarðar 2012-2030 sem staðfest var af Skipulagstofnun árið 2014. Í aðalskipulaginu er Ósland skilgreint sem opið svæði og friðlýst svæði. Opin svæði eru skilgreind sem svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Eins er í gildi [deiliskipulag](#) sem var staðfest af skipulagsnefnd árið 2016.

## 1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Markmiðið með friðlýsingu fólkvanga er að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Fólkvangurinn Ósland flokkast í V flokk verndarsvæða skv. skilgreiningum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN. Í V flokk IUCN eru verndarsvæði þar sem samspil manns og náttúru í gegnum tíðina hefur skapað svæðinu sérstöðu sem byggir á vistfræðilegu, líffræðilegu, menningarlegu og sjónrænu gildi þess. Varðveisla þessa samspils er hluti af verndun svæðisins og þeirra náttúrufarslegu og menningarlegu gilda sem svæðið hefur.





## 2. Lýsing á svæðinu

### 2.1. Mörk svæðisins

Mörk fólkvangsins eru að austan bein lína sem dregin er þvert ofan við Útsýnishól í 70 metra fjarlægð frá rótum og samsíða austurhlið hans í sjó fram í báðar áttir. Að sunnan og norðan strandlengjan, fjörur og leirur niður með Óslandinu að tangaodda. Að vestan ystu mörk Óslandstanga er gengur í sjó fram, þ.e. í straumál er liggur úr Hornafirði til Óss. Mörkin afmarkast af eftirfarandi hnitapunktum (ISN93). Kort af svæðinu má finna í [viðauka II](#).

Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit
1	683765,1716	421675,4589	2	683857,4836	421416,9370
3	683937,4157	421354,5586	4	684011,2020	421375,1167
5	684169,5716	421222,7998	6	684080,9525	421201,6273
7	683916,3820	420983,0993			

#### 2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði og aðkomuleiðir

Ósland liggur innan bæjarmarka á Höfn í Hornafirði. Til að komast þangað er ekið frá hafnarsvæðinu eftir Óslandsvegi, framhá smábátabryggjunni. Þegar komið er upp á Óslandshæðina er hægt að njóta góðs útsýnis yfir fjallahringinn og jökla í nágrenninu. Bílastæði eru á Óslandshæð og einnig við enda Óslandsvegur næst Hornafirði. Hægt er að ganga um svæðið frá bílastæðunum. Einnig liggur malbikaður stígur meðfram sjávarsíðunni frá Ránarslóð og að Óslandshæð.

## 2.2. Náttúruminjar

Ósland var upphaflega lágreist eyja rétt norðan við Hornafjarðarós. Um 1950 var lagður vegur sem tengdi Ósland við Höfn og varnargarður reistur á vesturströnd Óslands á árunum 1985-1987. Eftir að varnargarðurinn var reistur fór set að safnast upp milli Óslands og Hafnar. Mikill set framburður er tilkominn vegna Hornafjarðarfljóts og er nauðsynlegt að dæla því upp. Þessi uppdæling myndar landflæmið milli Óslands og þéttbýlisins Hafnar. Á hæsta punkti Óslands, Óslandshrauni, er minnismerki um sjómenn og sjósókn eftir Helga Gíslason myndhöggvara. Þaðan er gott útsýni yfir innsiglinguna til Hafnar sem var ein sú hættulegasta á landinu en hefur nú verið gerð öruggari með öflugum sjóvarnargörðum. Landslag sunnan Óslands einkennist af leirum á fjöru en sjó með skerjum/eyjum á flóði. Einnig er einstakt útsýni frá Óslandi til fjalla og jökla sem umlykja Hornafjörð.

#### 2.2.1. Jarðminjar

Fólkvangurinn er um 1200 m langur og allt að 400 m breiður. Ósland er lágreist svæði sem nær hvergi meira en 10 m yfir sjó og er jökulsorfið. Að meginhluta er Ósland úr hraunlagi; dulkornóttu og mógráu basalti með holufyllingum hér og þar, einkum kvarsí. Botn og upprunalegt yfirborð hraunsins er ekki sýnilegt. Eftir að jökullinn hvarf af svæðinu hefur það

legið undir sjó og máðst og þvegist. Jarðvegurinn er á flestum stöðum þunnur og liggur beint á klöpp. Afsteypur af trjám finnast neðarlega í hraunlagi Óslands. Afsteypurnar eru með greinilega miðkjarna úr þéttu basalti en umhverfis hann eru stuðlar og vísa þeir í geislastefnu út frá honum. Í einni afsteypunni í Óslandi má sjá grein sem slagar um það bil 20 cm upp í hraunið í láréttum bolnum.<sup>1</sup>

### 2.2.2. Lífríki

Vistlendi innan fólkvangsins eru votlendi og graslendi. Vistgerðir sem finnast þar eru meðal annars starungsmýravist, víðimóavist, grasengjavist, grasmóavist, mosamóavist, strandvötn.

Austan við Ósland er Skarðsfjörður. Skarðsfjörður er á náttúruminjaskrá og á alþjóðlegri skrá yfir mikilvæg fuglasvæði, IBA (e. Important Bird Areas) og er mjög mikilvægur yfir fartauga fugla og fara þar um tugþúsundir fugla á hverju ári. Um 7000 tjaldar hafa sést þar samtímis, hátt í 10.000 lóuprælar, yfir 2000 sandlóur og 1000 stelkar. Þar er að finna jaðrakan sem nær alþjóðlegum verndarviðmiðum sem og æðarfuglar í fjaðrafelli og sendlingum að vetri til.<sup>2</sup>

Fjöruspói sem er válistategund flokkuð í bráðri hættu<sup>3</sup> hefur sést í vetrarfuglatalningu við Ósland og í Skarðsfirði.<sup>4</sup>

## 2.3. Menningarminjar

Engar skráðar menningarminjar eru innan friðlýsta svæðisins.

## 2.4. Landnotkun

Svæðið er að mestu leyti notað til útivistar af bæjarbúum. Á Óslandi er hæð sem heitir Óslandshæð, af sumum kölluð Gónhóll. Á Óslandshæð er minnisvarði og er vinsælt að keyra að varðanum hvort sem það er til að snúa þar við eða stoppa og njóta útsýnisins. Oft hefur þótt vinsælt að horfa þaðan yfir innsiglinguna frá hæðinni og fylgjast með bátum sigla inn. Þar stoppa einnig rútur með ferðamönnum sem eiga leið sína í bæinn. Eina húsið á svæðinu er í einkaeigu og er nýtt sem bátaskýli, þar sem hægt er að leggja frá landi og koma að landi á litlum bátum. Samkvæmt [friðlýsingarskilmálum](#) er óheimilt að beita búpeningi innan fólkvangsins.

### 2.4.1. Veiðar

Samkvæmt [friðlýsingarskilmálum](#) þá er öll meðferð skotvopna bönnuð í fólkvanginum.

<sup>1</sup> Leifur A. Símonarson, Walter L. Friedrich og Páll Imsland, 1975

<sup>2</sup> Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage, 2016

<sup>3</sup> Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 2018

<sup>4</sup> Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson, 1993

### 2.4.2. Ferðaþjónusta og útivist

Svæðið er mikið notað af heimamönnum sem útivistarsvæði. Stígar liggja að og í gegnum svæðið sem eru mikið notaðir. Engin skipulögð ferðaþjónusta er innan svæðisins en þar stoppa ferðmenn hins vegar, bæði á einkabílum og rútum.

## 2.5. Helstu ógnir

Framkvæmdir og starfsemi í nærumhverfi fólkvangins eru ein helsta ógn svæðisins. Nýleg hreinsistöð er staðsett í nágrenni við fólkvanginn og er aðalútrásin leidd út í sjó stuttu frá fólkvanginum. Stöðin er ekki komin í fulla notkun en um er að ræða tveggja þrepa hreinsunarstöð. Einnig er dælingarrör á ströndinni við fólkvanginn sem er nýtt til dælingar/tilfærslu á sandi frá höfninni og út í ósinn.

Borið hefur á landbroti innan fólkvangsins í gegnum tíðina. Byggður hefur verið sjóvarnargarður til að verja landið en bakkavörnin miðar að því að verja austurbakka fólkvangsins fyrir frekara landbroti að völdum ágangs sjávar.

Enginn nytjasamningur er í Óslandi en stunduð er eggjataka á svæðinu. Hversu umfangsmikil hún er eða hvaða áhrif hún hefur er óljóst.

### 2.5.1. Landvarsla

Umsjón og rekstur fólkvangsins skal vera í höndum umhverfisnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar, samkvæmt samningi Umhverfisstofnunar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem umhverfisráðherra staðfestir sbr. 4. gr. auglýsingar um friðlýsingu svæðisins, en samkvæmt náttúruverndarlögum (60/2013) kemur fram að sveitarfélög annast umsjón fólkvanga og rekstur og bera af því allan kostnað að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði.

### 2.5.2. Byggingar

Ein bygging er innan svæðisins, bátaskýli sem er um 20m<sup>2</sup> á stærð. Nýta má hýsið sem bátaskýli eða fyrir aðra starfsemi sem hæfir húsinu s.s fuglaskoðun og salerni. Við bátaskýlið er bryggja sem er líklegast tilkomin vegna þess að flugvöllur Hornfirðinga var hinu megin við fjörðinn og þá voru allir farþegar og farangur ferjaðir frá þessari bryggju yfir á Melatanga. Ein önnur lóð er skilgreind á svæðinu. Lóðin er hugsuð til endurbyggingar á bragga sem stóð við bryggjuna. Heimilt er að endurbyggja braggann eftir ljósmyndum innan byggingareits. Samkvæmt ákvæðum í deiliskipulagi er starfsemi sem myndi hæfa húsinu heimil.

Engin bílastæði eru innan skilgreindra lóða en sameiginleg bílastæði eru við enda bryggju.

Skv. deiliskipulagi er heimilt að byggja upp á svæðinu í tengslum við fuglaskoðun. Heimilt er að byggja allt að 3 fuglaskoðunarhús og -skýli í fólkvanginum án þess að skilgreindur sé sérstakur byggingareitur. Hvert fuglaskoðunarhús má vera allt að 15m<sup>2</sup> að stærð. Þau skulu vera færanleg og þess gætt að sem minnst jarðrask verði þegar þau eru byggð eða fjarlægð og húsin skulu vera víkjandi í landslaginu. Áform um að nýta þessa heimild skulu hljóta samþykki umsjónaraðila fólkvangsins, byggingar- og skipulagsvalda á Höfn og



Umhverfisstofnunar, einnig skulu framkvæmdir vera kynntar almenningi með viðunandi hætti.

Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Umhverfisstofnunar og skulu framkvæmdirnar vera í samræmi við sammþykkt skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun, sbr 7. gr friðlýsingarskilmála.

### 2.5.3. Aðgengi

Aðgengi fyrir alla er eftir náttúrustígnum sem liggur að Óslandshæð. Einnig er hægt að komast inn á svæðið á bíl. Göngustígar um svæðið sjálf eru fyrst og fremst niður traðkaðir slóðar og að hluta jarðvegsstígar.

### 2.5.4. Vegir og bílastæði

Malbikaður vegur liggur inn á svæðið og að bílastæðum. Bílastæðin á svæðinu eru tvö talsins. Annað er staðsett við minnisvarðann en hitt bílastæðið er lengra inn á svæðinu við bryggjuna. Samkvæmt [friðlýsingarskilmálum](#) þá er umferð vélknúinna farartækja utan vega óheimil innan marka fólkvangsins.

### 2.5.5. Stígar og gönguleiðir

Malar- og jarðvegsstígur liggur um svæðið og í kringum tjörnina. Á Óslandshæð er upphaf náttúrustígsins sem settur var upp árið 2014 fyrir tilstuðlan Náttúrustofu Suðausturlands með stuðningi Sveitarfélagsins og Vína Vatnajökuls. Tilgangurinn var að glæða göngustíginn vestan við bæinn lífi en heimafólk þekkir vel til og hefur notað stígin sér til heilsubótar í mun lengri tíma.<sup>5</sup> Stígurinn er 2,8 km og liggur meðfram sjávarsíðunni og þar er hægt að fræðast um sólkerfið. Stígurinn, sem endar við golfvöllinn, er malbikaður og er því fær öllum.

Þeir stígar sem liggja um Ósland eru almennt með góðu undirlagi og í góðu ástandi. Ekki hefur þurft að leggja mikla vinnu í að halda þeim við en mól og trjáskurl hefur verið sett í hluta stígsins sem fer í kringum eyjuna. Villustígar á svæðinu eru fáir og ekki er mikil gróðureyðing af þeirra völdum.

### 2.5.6. Skilti

Tvö minnismarki standa við bílastæðið á svæðinu á Óslandshæð. Þar er gott svæði til að fylgjast með krefjandi innsiglingu skipa og var þar reist minnismarki til heiðurs sjómönnum og mikilvægi þeirra í samfélaginu. Einnig er minnismarki á svæðinu fyrir fyrsta einstaklinginn sem flaug til Íslands ásamt fræðsluskiltum þar sem farið er yfir sögu og menningu svæðisins.

### 2.5.7. Úrgangur

Tvö ruslakör eru innan fólkvangsins og eru þau umsjón sveitarfélagsins.

---

<sup>5</sup> Kristín Hermannsdóttir, 2020

## 2.6. Fræðsla og kynning

Markmið friðlýsingar er meðal annars að tryggja svæðið til útivistar og útikennslu. Svæðið er ekki mikið notað í dag til útikennslu en hefur mikið fræðslugildi og tækifæri til að nýta í slíkt.

## 2.7. Rannsóknir og vöktun

Mikið fuglalíf er á svæðinu og er stunduð bæði óregluleg og regluleg fuglatalning á svæðinu. Náttúrufræðistofnun Íslands stundar þar vetrarfuglatalningu en Náttúrustofa Suðausturlands og Fuglaathugunarstöð Suðausturlands sinna einnig fuglatalningum á svæðinu að einhverju leiti.



## 3. Markmið og stefna

Markmiðið með friðlýsingu Óslands sem fólkvangs er að tryggja svæði til útivistar og útikennslu í náttúrufræðum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Einnig er markmiðið að tryggja verndun sérstakra jarðmyndana og fjölbreytts fuglalífs. Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, útskýra framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum. Aðgerðirnar eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fái sér um sig. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur útbúið aðgerðaáætlun sem fylgir stjórnunar- og verndaráætluninni og þar má finna þær aðgerðir sem farið verður í til að vinna að markmiðum áætlunarinnar.

### 3.1. Ástandsmat

Umhverfisstofnun vinnur árlega ástandsmat fyrir fólkvanginn.

Aðgerðir:

- ✓ Ástandsmat verði unnið árlega af Umhverfisstofnun.



## 3.2. Stjórnsýsla

Auglýsing um friðlýsingu fólkvangsins Óslands er frá árinu 2011, ásamt því að vera komin til ára sinna þá stangast 4. gr. friðlýsingarskilmála *Umsjón með fólkvanginum* á við núverandi náttúruverndarlög nr. 60/2013. Í því skyni að uppfæra friðlýsingarskilmála stefnir Umhverfisstofnun á að endurskoða auglýsingu um fólkvanginn.

## 3.3. Náttúruminjar: Dýralíf, gróður og jarðminjar

Ekki skal skerða gróður og jarðminjar eða trufla dýralíf. Sérstök aðgát skal ávallt höfð á varptíma fugla. Allt rask skal vera í lágmarki og framkvæmdir sem ráðist verður í skulu falla vel að umhverfinu. Mikilvægt er að fólk sé upplýst um svæðin sem eru viðkvæm vegna varps og fuglalífs. Ef ágengar tegundir eins og lúpína eða kerfill finnast innan fólkvangsins þá skal vinna að upprætingu þeirra.

## 3.4. Landnotkun

Landnotkun á svæðinu skal vera í samræmi við markmið um verndun Óslands sem fólkvangs. Til að tryggja vernd fugla á svæðinu er eggjatýnsla óheimil innan marka fólkvangsins sbr. [reglu nr. 1](#) í kafla 4.

### 3.4.1. Veiðar

Þar sem minkur er framandi ágeng tegund er mikilvægt að halda honum í skefjum innan fólkvangsins. Samkvæmt ákvæðum friðlýsingaskilmála getur umsjónarnefnd fólkvangsins veitt heimild til að veiða dýr sem valda tjóni í fólkvangnum ef sérstök ástæða þykir til en ætíð í samræmi við lög þar um og stjórnunar- og verndaráætlun.

### 3.4.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem skipulagðir eru innan fólkvangsins skulu ekki raska gróðri, dýralífi, jarðminjum eða upplifun fólks og vera í samræmi við þær reglur sem gilda innan svæðisins. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða truflun á umferð innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds sbr. [reglu nr. 2](#) í kafla 4.

### 3.4.3. Ferðaþjónusta og útivist

Stefnt er að því að styðja við útivist á svæðinu. Almennigur er hvattur til að nýta svæðið sem útivistarsvæði að gefnum þeim reglum sem um svæðið gilda. Lausaganga hunda getur skert upplifun gesta í fólkvanginum og truflað fuglalíf. Því ber að hafa hunda og önnur gæludýr í taumi innan fólkvangsins, sbr [reglu nr. 3](#) í kafla 4. Ekki er heimilt að tjalda eða hafa næturdvöl innan fólkvangsins sbr [reglu nr. 4](#) í kafla 4.

## 3.5. Helstu ógnir

Helstu ógnir svæðisins eru framkvæmdir og starfsemi í nærumhverfinu. Gæta þarf þess að starfsemi sem fer fram utan fólkvangsins hafi sem minnst áhrif á svæðið. Bæði þarf að gæta

Þess að útrás frá hreinsistöð liggji ekki þannig að skólþ berist til baka á strendur fólkvangsins og að niðurdæling/tilfærsla á sandi úr höfninni hafi ekki neikvæð áhrif á svæðið.

### 3.6. Innviðir og mannvirki

Innviðum og mannvirkjum á svæðinu skal vera vel við haldið og skal starfsemi þeirra hæfa markmiðum fólkvangsins. Framtíðaruppbygging skal vera í samræmi við deiliskipulag sem og stefnu fólkvangsins og verndargildi. Viðhald sjóvarnargarða er heimilt án þess að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar en skal fara fram utan varptíma og frágangur að tíma loknum skal vera til fyrirmyndar.

#### 3.6.1. Landvarsla

Umsjón fólkvangsins er í höndum sveitarfélagsins Hornafjarðar en Umhverfisstofnun fer árlega og vinnur ástandsmat. Sérfræðingur ásamt landverði mun meta ástand svæðisins og stunda eftirlit eftir þörfum.

#### 3.6.2. Byggingar

Ekki er stefnt að frekari uppbyggingu innan svæðisins umfram það sem kemur fram í deiliskipulagi. Stefnt skal að því að starfsemi bygginga innan fólkvangsins hæfi svæðinu.

Allir innviðir skulu hannaðir með þeim hætti að þeir falli vel að landslagi og sinni hlutverki sem viðeigandi er fyrir svæðið.

#### 3.6.3. Aðgengi

Fólkvangurinn skal vera aðgengilegur öllum eins og kostur er.

#### 3.6.4. Vegir og bílastæði

Stefnt skal að því að halda vegum og bílastæðum við eftir þörfum.

#### 3.6.5. Göngu-, og hjólaleiðir

Gönguleiðir skulu vera í samræmi við friðlýsingaskilmála, gildandi deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Göngustígar skulu vera vel merktir, öruggir og með góðu undirlagi þannig að gestir svæðisins gangi síður utan þeirra. Gestir skulu fylgja gönguleiðum og virða lokanir og merkingar sem kunna að vera. Stefnt er að því að loka villustígum og koma í veg fyrir að nýir myndast. Til verndunar lífríkis er óheimilt að vera á hjólum, þar með talin rafknúin hjól, utan uppbyggðra stíga og vega innan fólkvangsins sbr. [reglu nr. 5](#) í kafla 4.

#### 3.6.6. Skilti

Stefnt skal að því að upplýsa gesti um að þeir séu á friðlýstu svæði en markmiðið er að gestir svæðisins fari fróðara heim heldur en þegar þeir komu og þeir séu upplýstir um náttúrufar, gönguleiðir og reglur á svæðinu. Stefnt er að samræmingu og fjölgun á skiltum og merkingum á svæðinu. Við gerð skilta á svæðinu skal notast við þær leiðbeiningar sem er að finna í [skiltahandbók Umhverfisstofnunar](#).

### 3.6.7. Úrgangur

Stuðla skal að góðri umgengni gesta á svæðinu. Stefnt skal að því að gestir fólkvangsins skilji ekki eftir sig úrgang innan friðlýsta svæðisins heldur taki hann með sér þegar skilið er við svæðið. Sveitarfélagið er með tvö ruslakör innan fólkvangsins sem er stefnt að því að skipta út fyrir litla grenndarstöð.

## 3.7. Fræðsla og kynning

Stefnt er að því að auka fræðslu og kynningu um svæðið á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Eins er stefnt að endurskoðun fræðsluskilta og gerð áætlunar um hvaða skilti séu æskileg til að upplifun gesta fólkvangsins verði sem best sbr. [kafla 3.5.6](#).

## 3.8. Mönnuð og ómönnuð loftför

Flugumferð er háð takmörkunum sem fram koma í Flugmálahandbók. Flug ómannaðra loftfara er óheimilt í fólkvanginum á varptíma, frá 15. apríl til 1. ágúst, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilin er notkun ómannaðra loftfara vegna almannahagsmuna, björgunar- eða lögregluaðgerða og vegna lögbundna rannsókna fagstofnanna sbr. [reglu nr. 6](#) í kafla 4.

## 3.9. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilpátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, þjóðgarða og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unninn samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangsröðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Ósland en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.





## 4. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í Óslandi sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Eggjataka innan fólkvangsins er óheimil sbr. [kafla 3.3.](#)
2. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða truflun á umferð innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds sbr. [kafla 3.3.2.](#)
3. Hundar og önnur gæludýr skulu vera í taumi innan fólkvangsins sbr. [kafla 3.3.3.](#)
4. Óheimilt er að hafa næturdvöl innan marka fólkvangsins sbr. [kafla 3.3.3.](#)
5. Óheimilt er að vera á hjólum utan uppbyggðra stíga og vega innan fólkvangsins þar með talin rafknúin hjól sbr. [kafla 3.5.5.](#)
6. Flug ómannaðra loftfara er óheimilt í fólkvanginum á varptíma, frá 15. apríl til 1. ágúst, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar sbr. [kafla 3.7.](#)

# Heimildir

- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 2018. *Fjöruspói (Numenius Arquata)*. Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt 6. Júlí 2020 af: <https://www.ni.is/biota/animalia/chordata/aves/charadriiformes/fjoruspoi-numenius-arquata>.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage, 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55. 295 s.
- Kristín Hermannsdóttir, 2020. *Steinagarður Við Náttúrustíg Á Hornafirði*. Náttúrustofa Suðurlands. Sótt 6. Júlí 2020 af <https://nattsa.is/steinagardur-vid-natturustig-a-hornafirdi/>.
- Leifur A. Símonarson, Walter L. Friedrich og Páll Imsland, 1975. Hraunafsteypur af trjám í íslenskum teríerlögum. *Náttúrufræðingurinn*, 44(2).
- Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson, 1993. *Fjölrit Náttúrufræðistofnunar*. Vetrarfuglatalningar árgangur 1989. Náttúrufræðistofnun Íslands.

# Viðauki I

Nr. 264

31. janúar 2011

## AUGLÝSING

### um fólkvang í Óslandi, Sveitarfélaginu Hornafirði.

#### 1. gr.

##### *Um friðlýsinguna.*

Umhverfisráðherra hefur ákveðið að tillögu bæjarráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar og að fengnu áliti Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að endurnýja friðlýsingu vesturhluta Óslands sem fólkvang, skv. 55. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Útivistargildi svæðisins er hátt en þar eru m.a. auðugar leirur með miklu fuglalífi. Í jarðmyndunum þar eru för eftir trjáboli. Svæðið er vel aðgengilegt og ákjósanlegt til útikennslu.

#### 2. gr.

##### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmið með friðlýsingu vesturhluta Óslands er að tryggja svæði til útivistar og útikennslu í náttúrufræðum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Einnig er markmiðið að tryggja verndun sérstakra jarðmyndana og fjölbreytts fuglalífs.

#### 3. gr.

##### *Mörk fólkvangsins.*

Mörk fólkvangsins eru að austan bein lína sem dregin er þvert ofan við Útsýnishól í 70 metra fjarlægð frá rótum og samsíða austurhlíð hans í sjó fram í báðar áttir. Að sunnan og norðan strandlengjan, fjörur og leirur niður með Óslandinu að tangaodda. Að vestan ystu mörk Óslandstanga er gengur í sjó fram, þ.e. í straumál er liggur úr Hornafirði til Öss. Mörkin afmarkast af eftirfarandi hnitapunktum (ISN93) og eru þau sýnd á uppdrætti í fylgiskjali 1.

Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit
1	683765,1716	421675,4589	2	683857,4836	421416,9370
3	683937,4157	421354,5586	4	684011,2020	421375,1167
5	684169,5716	421222,7998	6	684080,9525	421201,6273
7	683916,3820	420983,0993			

#### 4. gr.

##### *Umsjón með fólkvanginum.*

Umsjón og rekstur fólkvangsins skal vera í höndum umhverfisnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar, samkvæmt samningi Umhverfisstofnunar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem umhverfisráðherra staðfestir. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndaráætlunar fyrir fólkvanginn í samráði við Sveitarfélagið Hornafjörð, sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

#### 5. gr.

##### *Umferð um fólkvanginn.*

Almenningi er heimil för um fólkvanginn, enda sé gætt góðrar umgengni. Óheimilt er að hafa hunda í fólkvanginum án fylgdar og tryggrar stjórnar.

Umferð vélknúinna farartækja utan vega er óheimil innan marka friðlýsta svæðisins.

#### 6. gr.

##### *Verndun gróðurs, dýralífs og jarðmyndana.*

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf á svæðinu. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum.



Nr. 264

31. janúar 2011

7. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð.*

Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Gert er ráð fyrir hefðbundnu viðhaldi í tengslum við uppsátur báta, vegi og göngustíga. Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins.

8. gr.

*Veiði og notkun skotvopna.*

Öll meðferð skotvopna er bönnuð í fólkvanginum. Að fenginni undanþágu ráðherra í samræmi við 7. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, getur umsjónarnefnd fólkvangsins veitt heimild til að veiða dýr sem valda tjóni í fólkvanginum ef sérstök ástæða þykir, en ætíð í samræmi við lög nr. 64/1994 og verndaráætlun.

9. gr.

*Undanþágur.*

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og umhverfisnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar, veitt heimild til að vikið verði frá reglum þessum í sérstökum tilfellum gangi það ekki gegn markmiðum friðlýsingarinnar.

10. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

11. gr.

*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi eldri auglýsing um stofnun fólkvangs í Óslandi, nr. 427/1982.

*Umhverfisráðuneytinu, 31. janúar 2011.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

# Viðauki II

Kort af hinu friðlýsta svæði



Ósland

- Mörk fólkvangs
- Uppbyggðir stígar fyrir gangandi og hjólandi umferð
- Náttúrustígar - einungis fyrir gangandi umferð

Flatarmál: 0.169 km <sup>2</sup>
Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
Kortagerð: Ingibjörg M. Bjarnadóttir
Umhverfisstofnun, dags. 19.3.2021

# Viðauki III

## Samráðsaðilar

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar var haft samráð við landeigendur, sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni var til.

Eftirtaldar stofnanir og félagasamtök fengu einnig sent bréf vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlunina:

- ~ Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- ~ Náttúrufræðistofnun Íslands
- ~ Minjastofnun Íslands
- ~ Skipulagsstofnun
- ~ Samgöngustofa
- ~ Landgræðslan
- ~ Vegagerðin
- ~ Ferðamálastofa
- ~ Náttúruverndarsamtök Íslands
- ~ Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu
- ~ Landvernd
- ~ Fuglavernd
- ~ Náttúrustofa Suðausturlands
- ~ Samtök ferðaþjónustunnar (SAF)
- ~ Ferðafélag Íslands
- ~ Fuglaathugunarstöð Suðausturlands
- ~ Sveitarfélagið Hornafjörður
- ~ Eigandi bátaskýlis
- ~ Ríki Vatnajökuls ehf

Ágúst 2021

*Fyrir hönd Umhverfisstofnunar:*

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri

Þórdís Björt Sigþórsdóttir, teymisstjóri

Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
umhverfis- og auðlindaráðherra